KENNSLUFERLI

Traust fjármál

Fjármálafræðsla fyrir nemendur í 10. bekk

HANDRIT FYRIR LEIÐBEINENDUR | UM 80 MÍNÚTUR | HÓPAVINNA Í 4 – 5 MANNA HÓPUM

Fjármálavit

UM HANDRITIÐ

Kennsluferli

Fjármálavit er námsefni um grunnþætti fjármála einstaklinga, þróað í samvinnu við kennara og kennaranema. Námsefnið er ætlað kennurum og öðrum þeim sem fræða nemendur um grunnþætti fjármála.

Á næstu blaðsíðum er handrit að kennsluferli þar sem nemendur vinna með hugtök í fjármálum. Uppistaða efnisins eru umræður og tvö verkefni tengd hugtökum þar sem unnið er í hópum.

Handritið leiðir kennarann skref fyrir skref í gegnum kennsluna.

> **Markmið**
> Að nemendur geti aflað sér þekkingar á völdum fjármálahugtökum og útskýrt þau í stuttu máli.

Lýsing

Ef verkefnið er unnið á skólatíma er áætluð lengd um **80 mínútur** og er nemendum skipt í **4 – 5 manna vinnuhópa**. Hver hópur fær viðfangsefni/hugtak og aflar sér upplýsinga um það með hjálp upplýsingatækninnar og kynnir niðurstöður fyrir hinum hópunum í lokin. Einnig er hægt að nýta verkefnið sem heimavinnu og þannig gefa nemendum meiri tíma til að afla sér upplýsinga og útskýra hugtökin.

Aftar í þessu handriti er orðaleikur sem getur verið skemmtileg viðbót við hugtakavinnuna – áætluð tímalengd hans er um **20 mínútur**.

Undirbúningur og hjálpargögn

- Tölva með hljóði og skjávarpi.
- Nettenging.
- Snjallsími, spjaldtölva eða tölva fyrir hvern hóp.
- Hugtök, leiðbeinandi dreifir einu á hvern hóp.
- A2/A3 pappírsörk og tússpenni fyrir hvern hóp.

> Útskýringar á hugtökunum fyrir leiðbeinanda eru í **viðauka 1**.

Fjármálavit

FRAMKVÆMD

Skref fyrir skref

1 **Kennari lýsir uppbyggingu kennsluferilsins** í stuttu máli. Hann setur fram spurningar til að opna umræðu um efni hennar.

Sýnir 1 – 2 myndbönd af vefsíðu Fjármálavits t.d.

2 **Verkefni – hugtök**

4 – 5 manna hópar

3 **Kynningar og umræður** um niðurstöður verkefna.

4 **Orðaleikur** ef tími gefst

Nokkur 2 manna lið, eða skipta bekknum í tvö lið.

Verkefni – hugtök

Kennsluferlið skiptist í þrjá hluta og er tíminn sem áætlaður er til viðmiðunar fyrir leiðbeinanda. Sjá nánar um undirbúning og hjálpargögn hér að framan.

15 mín.	40 mín.	20 mín.
1 Spjall	2 Verkefni	3 Kynningar og umræður

15 mín. — 1 Spjall

Kennari byrjar á því að skipta nemendum í 4 – 5 manna hópa og lýsir skipulagi kennslunnar í stuttu máli. Hann tekur það fram í upphafi að það sé mikilvægt að allir í hópnum séu virkir því þeir muni verða sérfræðingar í því hugtaki sem hópurinn fjallar um og komi til með að kynna það fyrir öðrum hópum. Gott er að benda öllum á að skrifa punkta hjá sér á blað.

Til að tengja nemendur við verkefnið er mælt með því að varpa fram einni eða tveimur spurningum.

Dæmi um spurningu:

> *„Hvaða hugtök dettur ykkur í hug þegar þið heyrið orðið fjármál?“*

Um leið og nemendur nefna hugtökin, getur kennari skrifað þau til hliðar á töfluna og verður fróðlegt að bera þau saman við þau hugtök sem þau vinna með í verkefninu á eftir.

Hér getur verið ágætt tilefni að sýna eitt til tvö myndbönd.

40 mín. 2 Verkefni

Hver hópur fær **A2/A3 pappírsörk og tússpenna** og er úthlutað einu hugtaki, eins og t.d. „lífeyrissparnaður“. Hópurinn á í sameiningu að útskýra hugtakið með hjálp upplýsingatækninnar (**20 mín**). Með hverju hugtaki fylgja nokkrar spurningar sem nemendur eiga að svara. Hér skiptir máli að hver og einn innan hópsins sé virkur og skrái niður hjá sér það helsta um hugtakið til að geta útskýrt það fyrir öðrum hópi.

> Útskýringar á hugtökunum fyrir kennarann eru í **viðauka 1**.

20 mín. 3 Kynningar og umræður

Hver hópur kynnir viðfangsefni sitt í stuttu máli fyrir kennara og hinum hópunum, í sætunum sínum eða upp við töflu. Kennari og nemendur ræða hugtökin (sjá viðauka 1, útskýringar á hugtökunum).

Dæmi um spurningar til hópa í lokin:

> *„Fannst ykkur erfitt að finna upplýsingar um þessi hugtök?“*

> *Er hugtakið vextir jákvætt eða neikvætt í ykkar huga?*

> *Er lífeyrissjóður jákvætt eða neikvætt hugtak?*

> *Hvað með tryggingar? Hafið þið áður heyrt um þær?*

> *„Þekkið þið fleiri hugtök tengd fjármálum eftir að hafa gert verkefnið?“*

> *„Hvað fannst ykkur áhugaverðast?“*

> Ef tími gefst þá er tilvalið að sýna eitt eða fleiri myndbönd af vefsíðu Fjármálavits: **fjarmalavit.is/myndbönd**

Fjármálavit

FYLGISKJAL

Hugtök fyrir hópavinnu / einstaklingsvinnu

Leiðbeinandi dreifir einu hugtaki á hvern hóp.

Skattur

1. Hvað er skattur?
2. Hver er munur á tekjuskatti og útsvari?
3. Hvað er persónuafsláttur?
4. Hvað er virðisaukaskattur?
5. Auka fróðleikur um skatt.

Lífeyrissjóður

1. Af hverju greiðir fólk í lífeyrissjóð?
2. Hverjir greiða í lífeyrissjóð og hversu mikið greiða þeir af launum sínum í hverjum mánuði?
3. Hverjir eiga peninginn sem kemur í lífeyrissjóðinn?
4. Hvað er viðbótarlífeyrissparnaður?
5. Aukafróðleikur um lífeyrissjóði.

Vextir

1. Hvað eru vextir?
2. Hver er munurinn á innlánsvöxtum og útlánsvöxtum?
3. Hvað eru dráttarvextir?
4. Auka fróðleikur um vexti.

Stéttarfélög

1. Hvað eru stéttarfélög og hvert er hlutverk þeirra?
2. Hvað eru félagsgjöld oftast há og er skylda að greiða í þau?
3. Hvað heita heildarsamtök stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði á Íslandi? Nefnið nokkur stéttarfélög.
4. Aukafróðleikur um stéttarfélög.

Tryggingar

1. Af hverju getur borgað sig að tryggja verðmæti?
2. Segið frá helstu tryggingum á húsnæði og hvað þær tryggja helst (bruna- og heimilistrygging).
3. Af hverju tryggjum við bílinn með ábyrgðartryggingu?
4. Nefnið eina til tvær aðrar tegundir trygginga.
5. Hvað gerist ef t.d. síminn eyðileggst?

Laun

1. Hvað er launaseðill?
2. Hver er munurinn á dagvinnu og eftirvinnu?
3. Hvað þýðir að vera með jafnaðarkaup?
4. Hvað eru rauðir dagar/stórhátíðardagar?
5. Hver er munurinn á launþega og verktaka?

Orlof

1. Hvað er orlof?
2. Hvað er orlofsuppbót?
3. Hvað er desemberuppbót?
4. Auka fróðleikur um orlof.


Sparnaður


1. Hver er munur á skammtímasparnaði og langtímasparnaði? Nefnið dæmi.
2. Hver er helsti munur á bundnum og óbundnum sparnaðarreikningi?
3. Hvort er meiri áhætta í því að setja pening inn á sparnaðarreikning eða kaupa hlutabréf? Af hverju?
4. Aukafróðleikur um sparnað.


Lán


1. Hvað er lán?
2. Hver er munur á skammtímaláni og langtímaláni? Nefnið dæmi.
3. Hvenær þurfa flestir að taka lán á lífsleiðinni? Nefnið dæmi.
4. Hvað gerist ef þú getur ekki greitt niður lánið þitt?
5. Aukafróðleikur um lán.

Sýnishorn af verkefnum nemenda









Fjármálavit

VIÐAUKI 1

Útskýringar á hugtökum

Skattur

1. Hvað er skattur?
2. Hvað eru tekjuskattur og útsvar?
3. Hvað er persónuafsláttur?
4. Hvað er virðisaukaskattur?
5. Aukafróðleikur um skatt.

1 Skattur er gjald sem allir sem vinna þurfa að greiða og er notaður til að mæta sameiginlegum kostnaði. Fyrir skattinn reka ríkið og sveitarfélög t.d. menntakerfið, heilbrigðiskerfið og vegakerfið. Skatturinn borgar fyrir skólagöngu okkar og fyrir sjúkrakostnað ef við veikjumst eða slösumst.

2 Á Íslandi er skattur innheimtur bæði af ríki og sveitarfélögum og skiptist í **tekjuskatt** og **útsvar**. Saman heitir það á launaseðlinum **staðgreiðsla**. Tekjuskattur fer til ríkisins og útsvar fer til sveitarfélagsins sem launþeginn býr í.

3 **Persónuafsláttur** er skattaafsláttur sem veittur er öllum einstaklingum 16 ára og eldri. Persónuafsláttur kemur að góðum notum en hann lækkar þá upphæð sem við greiðum í skatt í hverjum mánuði. Upphæðin er sú sama fyrir alla óháð tekjum.

4 **Virðisaukaskattur** er almennur neysluskattur og leggst á öll viðskipti innan lands og innfluttar vörur og þjónustu. Allir rekstraraðilar, sem hafa með höndum sölu eða afhendingu á vöru eða skattskyldri þjónustu, eiga að innheimta og skila virðisaukaskatti.

Lífeyrissjóður

1. Af hverju greiðir fólk í lífeyrissjóð?
2. Hverjir greiða í lífeyrissjóð og hversu mikið greiða þeir af launum sínum í hverjum mánuði?
3. Hverjir eiga peninginn sem kemur í lífeyrissjóðinn?
4. Hvað er viðbótarlífeyrissparnaður?

1 Með því að greiða í lífeyrissjóð er verið að leggja grunninn að fjárhagslegu öryggi á elliárunum. Þegar við eldumst og hættum að vinna fáum við greitt úr lífeyrissjóðnum til æviloka. Einnig tryggja lífeyrissjóðsgreiðslur fólki örorku- og endurhæfingarlífeyri ef það missir starfsorkuna vegna slysa eða veikinda.

2 Fólk byrjar að greiða í lífeyrissjóð næstu mánaðamót eftir 16 ára afmælisdaginn, en öllum á aldrinum 16 til 70 ára, sem eru í vinnu, er **skylt** að greiða **4%** af heildarlaunum sínum í lífeyrissjóð. Lágmarksiðgjald í lífeyrissjóð á mánuði fyrir hvern starfsmann á Íslandi er **15,5%** þar sem atvinnurekandinn greiðir **11,5%** af launum

starfsmannsins í lífeyrissjóðinn sem mótframlag og starfsmaðurinn greiðir sjálfur **4%.** Þegar fólk eldist og hættir að vinna fær það greitt úr lífeyrissjóði til æviloka.

3 Lífeyrissjóður er sameiginlegur sjóður þeirra sem greiða í sjóðinn.

4 Við getum ákveðið að greiða aukalega **2 – 4%** af heildarlaunum okkar til viðbótar við venjulegan lífeyrissparnað og greiðir þá vinnuveitandi allt að **2%** í mótframlag. Slíkur viðbótarlífeyrissparnaður er í eigu þess sem greiðir í hann og er hugsaður til þess að fólk hafi það ögn betra í ellinni.

Vextir

1. Hvað eru vextir?
2. Hver er munurinn á innlánsvöxtum og útlánsvöxtum?
3. Hvað eru dráttarvextir?

1 Vextir eru það gjald sem greitt er fyrir að fá peninga að láni. Ástæðan fyrir vöxtum er sú að eigandi peninganna getur ekki nýtt þá á meðan þeir eru í láni hjá öðrum og því eru peningarnir leigðir út gegn greiðslu og leigan eru vextirnir.

2 **Innlánsvextir** eru vextir sem banki greiðir fólki fyrir að geyma peninga þess inn á bankareikningi. Þegar fólk leggur inn á bankabók er það í raun og veru að lána bankanum peningana. Bankinn greiðir leigu af peningunum í formi vaxta.

> **Dæmi:** Sá sem á 100.000 kr. inni á bankareikning í eitt ár og vextir eru 10% á ári fær 10.000 krónur í ársvexti og á því 110.000 kr. í árslok. **0,10 x 100.000 kr. = 10.000 kr.**

Útlánsvextir eru vextir sem fólk greiðir bönkunum/lánastofnunum fyrir að veita sér lán, t.d. yfirdrátt eða húsnæðislán. Þegar fólk fær lán hjá banka/lánastofnun þarf það að greiða bankanum leigu á peningum í formi vaxta. Útlánsvextir eru yfirleitt hærri en innlánsvextir en þannig myndast tekjur hjá bankanum. Mismunur á innláns- og útlánsvöxtum er kallaður **vaxtamunur**.

3 **Dráttarvöxtum** er beitt þegar skuld er ekki greidd á umsömdum tíma. Þannig er heimilt að krefja skuldara um ákveðna vexti á því tímabili sem líður frá umsömdum gjalddaga og þar til greiðsla skilar sér. Seðlabankinn ákveður alla jafna hversu háir dráttarvextir eru og birtir tvisvar á ári. Ef skuldari á í erfiðleikum með að greiða skuldina á réttum tíma er heillavænlegast að hafa sem fyrst samband við þann sem lánaði og reyna að finna einhver úrræði.

Stéttarfélög

1. Hvað eru stéttarfélög og hvert er hlutverk þeirra?
2. Hvað eru félagsgjöld oftast há og er skylda að greiða þau?
3. Hvað heita heildarsamtök stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði á Íslandi? Nefnið nokkur stéttarfélög.

1 Stéttarfélög eru félagasamtök launafólks sem ætlað er að gæta hagsmuna þess gagnvart atvinnurekendum og stjórnvöldum. Stéttarfélög semja um laun og önnur starfskjör með kjarasamningum og bjóða félagsmönnum

sínum upp á margvíslega þjónustu svo sem útleigu orlofshúsa, námsstyrki og greiðslur úr sjúkrasjóðum. Stéttarfélög á Íslandi eru fjölmörg og skiptast eftir starfsgreinum og einnig landsvæðum.

2 Öllum meðlimum stéttarfélaga er skylt að greiða félagsgjöld sem eru ákveðið hlutfall af launum og kemur sú upphæð fram á launaseðli. Félagsgjöldin eru mishá eftir stéttarfélögum. Algengt er að þau séu í kringum **1%** af launum fólks. Atvinnurekandi sér um að draga upphæðina af launum fólks og greiða félagsgjöldin til stéttarfélagsins.

3 **Alþýðusamband Íslands, ASÍ** eru heildarsamtök stéttarfélaga á almennum vinnumarkaði en aðildarfélög ASÍ eru nú rúmlega 50 talsins.

> **Dæmi um stéttarfélög:** Bandalag háskólamanna (BHM), Kennarasamband Íslands (KÍ), Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), Verslunarmannafélag Reykjavíkur (VR).

Tryggingar

1. Af hverju getur borgað sig að tryggja verðmæti?
2. Segið frá helstu tryggingum á húsnæði og hvað þær tryggja helst (bruna- og heimilistrygging).
3. Af hverju tryggjum við bílinn með ábyrgðartryggingu? Hvað felst í henni?
4. Nefnið eina til tvær tegundir trygginga.
5. Hvað gerist ef t.d. síminn ykkar eyðileggst?

1 Tryggingar eru hugsaðar fyrir hluti sem eru það verðmætir að ef tjón verður þá geti það valdið miklu fjárhagslegu tjóni fyrir einstaklinginn.

2 Þegar við kaupum okkur fyrstu íbúð þá er skylda lögum samkvæmt að tryggja hana í **brunatryggingu**. Brunatrygging er mikilvæg, ef það kviknar í húsinu okkar og allt eyðileggst þá borga tryggingarnar fyrir lagfæringu eða uppbyggingu á húsinu aftur.

Þeir hlutir sem við kaupum okkur og höfum inn í húsinu verðum við að tryggja sérstaklega í **heimilistryggingu** eða **innbústryggingu**. Þá erum við að tryggja sófann, rúmið, fötin, sjónvarpið, tölvuna og allt það lauslega sem við eigum, t.d. farsímann. Ef það kemur eitthvað fyrir þessa hluti þá er mikilvægt að vera með tryggingu þar sem það getur verið næstum ómögulegt að kaupa alla hlutina aftur.

3 Þegar við kaupum okkar fyrsta bíl, en það getur verið gaman að hafa sparað fyrir drauma bílnum, er það skylda lögum samkvæmt að tryggja bílinn í **ábyrgðartryggingu**. Þá erum við að tryggja okkur fyrir því tjóni sem við völdum öðrum, ásamt því að slysatryggja okkur sjálf og farþega okkar í bílnum. Ef við keyrum á annan bíl þá berum við ábyrgðina á því að sá bíll verði lagaður, en það getur kostað verulegar fjárhæðir. Mikilvægast er að í ábyrgðartryggingunni erum við að tryggja okkur sjálf í slysatryggingu. Það verða mörg alvarleg slys í umferðinni á hverju ári þar sem margir slasast alvarlega og því fylgir verulegur kostnaður að koma sér á fætur aftur eftir umferðarslys. Margir eru mörg ár að jafna sig.

4 Það er hins vegar ekki skylda að tryggja bílinn sjálfan í **kaskótryggingu** en sú trygging er mikilvæg engu að síður, það getur nefnilega verið sárt að allir peningarnir sem við söfnuðum fyrir bílnum séu farnir með honum ef við klessum á og draumabíllinn eyðileggst. Þá er ekki svo auðvelt að kaupa bara nýjan.

Persónutryggingar eru einnig mikilvægar í lífinu en þær tryggja okkur fyrir alvarlegum sjúkdómum, t.d. krabbameini eða hjartaáfalli. Það að verða alvarlega veikur veldur því að við getum ekki sinnt vinnunni okkar og þá fáum við mun lægri laun en þurfum samt áfram að borga skuldir okkar af húsinu, bílnum og kaupa okkur mat.

Ef við erum tryggð þá passa tryggingarnar upp á það að við getum haldið áfram að ná bata án þess að hafa fjárhagslegar áhyggjur. Það eru til fleiri tryggingar, en þetta eru þær helstu sem gott er að hafa í huga.

> **Ferðatryggingar, líftryggingar, fasteignatryggingar** eru tryggingar sem við fjölluðum ekki um hér að ofan en eru engu að síður mikilvægar.

Laun

1. Hvað er launaseðill?
2. Hver er munurinn á dagvinnu og eftirvinnu?
3. Hvað þýðir að vera með jafnaðarkaup?
4. Hvað eru rauðir dagar/stórhátíðardagar?
5. Hver er munurinn á launþega og verktaka?

1 Launaseðill er seðill sem launþegar fá þegar þeir fá greidd laun, með upplýsingum um heildarlaun og það sem dregst frá. Launaseðill getur bæði verið á pappírsformi eða rafrænn.

2 Ef unnið er við afgreiðslustörf á virkum dögum á tímabilinu kl. 9 – 18 er um **dagvinnu** að ræða. **Eftirvinna** er sá vinnutími sem unninn er utan dagvinnutímabils og er 40% álag á tímakaup í dagvinnu. Eftirvinna má aldrei vera lægri en samkvæmt kjarasamningi.

3 Nokkuð algengt er að fólk sem starfar í blandaðri vinnu, þ.e. dag-, kvöld- og helgarvinnu sé boðið svokallað **jafnaðarkaup**. Þá er starfsmanninum boðið kaup sem er örlítið hærra en kaup fyrir klukkutímann í dagvinnu. Hins vegar fær þá starfsmaðurinn sömu laun á tímann fyrir kvöld- og helgarvinnu. Í einhverjum tilvikum er um að ræða vinnustaði þar sem kvöld- og helgarvinnan er algengari, svo sem kaffihús og veitingastaði sem frekar eru opnir um kvöld og helgar. Ef vinnuveitandi býður starfsmanni jafnaðarkaup skal liggja fyrir hver vinnutíminn er og á starfsmaður að vera meðvitaður um að hann tapi ekki á því að þiggja jafnaðarkaup, frekar en dagvinnu og eftirvinnu.

4 Á **rauðum dögum/stórhátíðardögum** er ekki vinnuskylda. Ef unnið er á þessum dögum greiðist aukaálag fyrir til viðbótar við fasta og reglubundna vakt á þessum dögum.

> **Dæmi um slíka daga eru:** skírdagur, annar í páskum, uppstigningardagur, annar í hvítasunnu, sumardagurinn fyrsti, frídagur verslunarmanna, annar í jólum, 1. maí, nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, jóladagur, og svo eftir kl. 12 á aðfang- og gamlársdag.

5 **Verktakar** eru sjálfstæðir, taka að sér að vinna verk fyrir aðra og vinna það á eigin ábyrgð eins og að greiða skatta og önnur gjöld til hins opinbera. **Launþegar** eru hins vegar í vinnu hjá fyrirtækjum sem sjá um að tekið sé af þeim skattar og opinber gjöld. Verktakar eru yfirleitt mun sjálfstæðari og geta verið með góð laun, en á móti hafa þeir mun minni réttindi á vinnumarkaðinum en launþegar, fá ekki laun fyrir viðurkennda frídaga, fá ekki greitt orlof, desemberuppbót eða orlofsuppbót, eiga ekki rétt á launum í veikindatilfellum, eru ekki slysatryggðir, hafa ekki uppsagnarfrest og þurfa sjálfir að sjá um að greiða iðgjöld í lífeyrissjóð.

Orlof

1. Hvað er orlof?
2. Hvernig er orlof reiknað?
3. Hvað er orlofsuppbót?
4. Hvað er desemberuppbót?

1 **Orlof** er í raun áunnið frí og er öllum atvinnurekendum skylt að greiða starfsmönnum sínum orlof. Það á aldrei að vera innifalið í launum, heldur greiðist sérstaklega.

2 Samkvæmt lögum er lágmarksorlof **10,17%** af mánaðarlaunum. Orlof er reiknað sem ákveðið hlutfall af launum starfsmanns. Fyrir hvern mánuð sem unninn er í 100% starfi öðlast starfsmaður rétt á tveimur frídögum að lágmarki. Orlof er ýmist nýtt sem frí, eða lagt inn á orlofsreikning sem er svo laus til greiðslu í maí á hverju ári. Sumir vinnuveitendur greiða orlofið út jafnóðum en það er sjaldgæfara.

3 **Orlofsuppbót** er föst bónusgreiðsla sem atvinnurekendum er skylt að greiða launþegum sínum og er hún venjulega greidd út í einni greiðslu 1. maí eða 1. júní. Uppbótin greiðist miðað við starfshlutfall og starfstíma á árinu, en þeir sem hafa verið samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur síðustu tólf mánuði eða í vinnu fyrstu viku í maí eiga rétt á uppbót.

Orlofsuppbót getur verið mishá milli kjarasamninga og er hægt að hafa samband við viðkomandi stéttarfélag til að spyrjast fyrir um orlofsuppbótina.

> **Dæmi um orlofsuppbót árið 2026:** samningur VR = 62.000 kr. á ári fyrir fullt starfshlutfall

4 **Desemberuppbót** er bónusgreiðsla sem atvinnuveitendum er skylt að greiða starfsfólki sínu. Venjulega er um að ræða fasta upphæð sem er greidd út í einni greiðslu í desember. Upphæðin fer eftir starfshlutfalli launþegans og kjarasamningum hverju sinni. Uppbótin greiðist miðað við starfshlutfall og starfstíma á árinu, en þeir sem hafa verið samfellt í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur síðustu tólf mánuði eða í vinnu fyrstu viku í desember eiga rétt á uppbót.

> **Dæmi um desemberuppbót árið 2026:** Samningur VR = 114.000 kr. og greiðist hún eigi síðar en 15. desember ár hvert.

Sparnaður

1. Hvað er sparnaður?
2. Hver er munurinn á skammtímasparnaði og langtímasparnaði? Nefnið dæmi.
3. Hvort er meiri áhætta í því að setja pening inn á sparnaðarreikning eða kaupa hlutabréf? Af hverju?

1 Sparnaður þýðir að safna fyrir einhverju. Það getur verið fyrir einhverju sem mann langar í eða sparnaður fyrir framtíðinni. Sparnaður vex jafnt og þétt. Gott er að hafa í huga hvað við ætlum að spara í langan tíma og hvort við megum við einhverri áhættu.

2 **Skammtímasparnaður** er oftast hugsaður til eins til þriggja ára og með honum er hægt að mæta óvæntum útgjöldum, eða gera eitthvað skemmtilegt, eins og fara í utanlandsferð, kaupa tölvu eða jafnvel fyrsta bílinn.

Langtímasparnaður er sparnaður sem við viljum eiga til lengri tíma og nota síðar, eins og t.d. þegar kemur að því að fara í nám, kaupa nýjan bíl, eða fjárfesta í íbúð.

3 Hlutabréf geta sveiflast meira, bæði upp og niður, en sparnaðarreikningur er með fyrirframgefna vexti.

Lán

1. Hvað er lán?
2. Hver er munur á skammtímaláni og langtímaláni? Nefnið dæmi.
3. Hvenær þurfa flestir að taka lán á lífsleiðinni? Nefnið dæmi.
4. Hvað gerist ef þú getur ekki greitt niður lánið þitt?
5. Aukafróðleikur um lán.

1 Lán er samningur milli tveggja aðila þar sem lánveitandi lánar lántakanda ákveðna fjárhæð. Lántaki skuldbindur sig til þess að endurgreiða fjárhæðina ásamt vöxtum og öðrum lántökukostnaði.

2 Skipta má lánum í **langtímalán** og **skammtímalán**. Langtímalán eru hugsuð til að fjármagna stærri fjárfestingar eins og íbúðarkaup eða nám. Lánstími getur verið misjafn en allt að 40 ár.

Skammtímalánin eru hins vegar til að fjármagna alls konar neyslu, eins og kaup á ferðalögum, símum, tölvum, raftækjum og jafnvel bílum. Lánstími er yfirleitt frá nokkrum dögum upp í fimm til sjö ár. Dæmi um slík lán eru heimild á kreditkorti, neytendalán/skyndilán, yfirdráttur, raðgreiðslur o.s.frv.

3 Flestir þurfa að taka lán þegar ráðist er í stórar fjárfestingar, eins og lán fyrir íbúðarkaupum og námslán.

4 Ef ekki er greitt af láni á tilsettum tíma reiknast **dráttarvextir** á lánið og reiknast þeir fyrir hvern dag sem farið er yfir eindaga lánsins. Dráttarvextir eru yfirleitt mjög háir. Ef ekki er greitt af láninu þrátt fyrir háa dráttarvexti þá fer lánið í **vanskil** og við bætist vanskilagjald. Þegar hér er komið er lánið komið í innheimtu og ef allt fer á versta veg getur viðkomandi lántaki farið í **gjaldþrot**, sem er eitthvað flestir lántakendur ættu að vilja forðast.

Fjármálavit

VIÐAUKI 2

Orðaleikur, 20 mínútur

Leiðbeinendur geta valið að halda áfram að vinna með hugtök tengd fjármálum með þessum leik og tengja við fyrra verkefnið. Verkefnið er í formi orðaleiks og virkar eins og Alíasspil. Á næstu síðum eru miðar með orðum til að klippa út.

Lýsing

Lengd leiksins með umræðum er **20 mínútur**. Áætlaður tími er til viðmiðunar fyrir leiðbeinanda. Sjá nánar um undirbúning og hjálpargögn hér að framan.

Nemendur þekkja flestir Alías spilið og á því ekki að vera erfitt fyrir leiðbeinanda að útskýra leikinn.

1	Þetta verkefni gengur út á það að **útskýra orð með öðrum orðum**. Kennari segir nemendum að öll orðin í leiknum snúi að fjármálum.
2	Nemendum er skipt í **tvö lið þar sem einn úr hvoru liði kemur upp að töflu og fær tvær mínútur til að útskýra sem flest hugtök fyrir sínu liði. Eftir því sem tíminn leyfir geta fleiri fengið að spreyta sig í hvoru liðinu.**
3	Sá sem útskýrir reynir að gera það **án þess að segja orðið sjálft**. Hann má nota vísbendingar, samheiti og andheiti. Það má ekki nota látbragð.
4	Þau orð sem liðin geta ekki útskýrt fara í sér „**ruslbunka**“. Svona gengur þetta fyrir sig í 10 – 15 mínútur.

Dæmi

Vasapeningur. *„Þetta er samsett orð! Það sem er á buxum, framaná og aftaná, og það sem við borgum með.“*

Umræður

Í lokin safnar kennari saman „ruslmiðunum“ og fer yfir með nemendum.

Fjármálavit

VIÐAUKI 2 · ORÐALEIKUR

Miðar fyrir orðaleik

Klippið miðana út. Annar í liði dregur miða og útskýrir orðið án þess að segja það.

Vinnuveitandi	Debetkort	Króna	Dagvinna
Desemberuppbót	Markmið	Fjárráða	Kvittun
Gengi	Greiðslukort	PIN	Kjarasamningur
Lántaki	Lánveitandi	Lán	Laun
Launþegi	Launaseðill	Lífeyrissjóður	Meðmæli
Námslán	Kreditkort	Heimilistrygging	Orlof
Smálán	Skattur	Hlutabréf	Íbúðalán
Bílalán	Sparnaður	Trygging	Tímakaup
Verðbólga	Verðhjöðnun	Vextir	Smálán

Hraðbanki	Inneign	Klink	Kostnaður
Króna	Kvittun	Markmið	Netbanki
Neytandi	Ráðgjöf	Banki	Bókhald
Endurgreiðsla	Vasapeningur	Gjaldeyrir	Peningaseðill
Gjaldkeri	Raðgreiðsla	Bankareikningur	Afskriftir
Ávöxtun	Brunatrygging	Gjaldþrot	Gjalddagi
Heimilisbókhald	Seðlabanki	Yfirdráttur	Millifæra
Hagnaður	Tap	Varasjóður	Framtíðarreikningur